

# Fundargerð 28. fundar

## Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2017, fimmtudaginn 22. júní 2017 kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Birna Ólafsdóttir Gylfi Ingvarsson og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

### 1. Kjallari nýja Sólvangs.

Jón Þór Þorvaldsson, arkitekt fór yfir breytingar á kjallara nýja hússins frá því verkið var boðið út. Breytingarnar felast í að breyttri aðkeyrslu að kjallanum, aðstaða verður fyrir húsvörð, gert er ráð fyrir tveimur lyftum og aðstöðu fyrir sjúkráþjálfun.

Auk þess er lögð til lækkun á tengibyggingunni.

### 2. Teikningar af "gamla" Sólvangi.

Jón Þór fór yfir hugmyndir að breytingum á húsinu, sjá meðfylgjandi teikningar. Hugmyndir eru um aðstöðu fyrir dagþjálfun fyrir heilablaða, dagdvöl fyrir aldraða, félagsstarf, kaffihús, mötuneyti. Á annarri og þriðju hæð er gert ráð fyrir 11 rýmum á hvorri hæð. Á fjórðu hæð er óráðstafað rými fyrir óskilgreinda þróun öldrunarþjónustunnar.

Fram kemur að víðtækt samráð hefur verið við stjórnendur og starfsfólk Sólvangs.

Verkefnastjórnin samþykkir framlagðar teikningar og óskar eftir uppfærðri kostnaðaráætlun vegna breytinganna.

### 3. Framkvæmdasjóður aldraða.

Opnað hefur verið umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraða og er umsóknarfrestur til 14. júlí n.k. Sviðsstjórum og bæjarstjóra er falið að sækja um framlög til Framkvæmdasjóðs aldraða til endurbóta á Sólvangi og fjölgunar rýma, í samræmi við framlagðar teikningar frá ÚTI og INNI.

Fundi slitið kl. 17:00